

Ár 2013, fimmtudaginn 4. júlí kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Guðmundur Þór Guðjónsson, Unnur Þormóðsdóttir og Róbert Hlöðversson í forföllum Jóhönnu Ýrar Jóhannsdóttur.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Guðmundur Þór Guðjónsson formaður setti fund og stjórnaði.

Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. **Innanríkisráðuneytinu frá 20. júní 2013.**

Í bréfinu er kynnt endanleg úthlutun frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda í grunnskólanum árið 2013.

Lagt fram til kynningar.

1.2. **Saman hópnum frá 10. júní 2013.**

Í bréfinu ítrekar Saman hópurinn mikilvægi samveru foreldra og unglinga þar sem samvera fjölskyldunnar er ein besta forvörn.

Lagt fram til kynningar.

1.3. **Beitarnefnd Hestamannafélagsins Ljúfs frá 28. júní 2013.**

Í bréfinu óskar beitinefnd eftir afnotum á landi Hveragerðis austan Varmár til beitar.

Bæjarstjóra falið að ræða við bréfitara.

2. Tæknileg málefni:

2.1. **Minnisblað frá bæjarstjóra v/ hraðakstur frá 27. júní 2013.**

Í minnisblaðinu er rætt um hraðakstur og ökutæki sem ranglega er lagt upp á gangstéttum og göngustígum.

Bæjarráð samþykkir að óska eftir því við Sýslumanninn á Selfossi að sýnileiki lögreglu í bæjarfélaginu verði meiri en nú er og að sérstaklega verði tekið á þeim stöðum sem tilgreindir eru í minnisblaðinu.

2.2. **Minnisblað frá bæjarstjóra v/ lokunar Skólamerkur frá 1. júlí 2013.**

Í minnisblaðinu kemur fram að ábendingar og tilmæli hafa borist bæjarskrifstofu um að opna Skólamörk yfir sumarið þegar skólastarf er ekki í gangi.

Bæjarráð samþykkir að Skólamörk verði opin fyrir umferð á sumrin frá 15. júní til 15. ágúst.

3. Fræðslumálefni:

3.1. Minnisblað frá bæjarstjóra v/ málefna leikskóla frá 1. júlí 2013.

Í minnisblaðinu er rætt um biðlista sem hefur myndast á leikskólum í Hveragerði en allt útlit er fyrir því að 7 börnum með lögheimili í Hveragerði sem náð hafa 18 mánaða aldri verði ekki boðið pláss á leikskóla í haust.

Bæjaráð samþykkir að fela bæjarstjóra ásamt formanni fræðslunefndar að finna ákjósanlega lausn á þessu viðfangsefni í góðri samvinnu við leikskólastjóra.

Róbert Hlöðversson lagði fram eftirfarandi bókun.

Undirritaður fagnar því að meirihlutinn hafi brugðist við fyrirspurn A-listans um málið frá síðasta bæjarstjórnarfundi með skjótum og jákvæðum hætti. Vonandi verður hægt verði að bjóða öllum börnum Hvergerðinga sem náð hafa 18 mánaðar aldri leikskólapláss strax í haust og á komandi árum.

Róbert Hlöðversson

4. Fundargerðir:

4.1. Menningar- íþrótt og frístundaneftndar frá 18. júní 2013.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

5. Fundargerðir til kynningar:

5.1. NOS frá 26. júní 2013.

Í fundargerðinni er gert grein fyrir þeirri vinnu sem framundan er vegna sérfræðiþjónustu skóla.

Bæjarstjóri greindi frá umræðum er fram hafa farið um málið í NOS nefnd. Bæjarráð samþykkir að bæjarstjóra sé veitt umboð til að vinna að framgangi málsins fyrir hönd sveitarfélagsins.

5.2. Skólaskrifstofu Suðurlands frá 3. og 28. júní 2013.

5.3. Sorpstöðvar Suðurlands bs frá 21. maí og 26. júní 2013

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 8:40

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)